

Ed.

417. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hluti hennar vill ekki að svo stöddu taka afstöðu til þess, en við teljum rétt, að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi, til þess að það geti fengið endanlega afgreiðslu samtímis tillögum væntanlegrar millipinganefndar í kjördæmamálinu.

Leggjum við því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. ágúst 1931.

Jón Þorláksson,
frsm.

Jakob Möller.